

Að fóstura jökul

Hrafnhildur Hannesdóttir, Oddur Sigurðsson, Bergur Einarsson og Snævarr Guðmundsson

Ágrip — Stiklað er á stóru í sögu sporðamælinga á Íslandi og greint frá aðferðum og vöktun sem sjálfboðaliðar Jöklarannsóknafélags Íslands sinna. Mælingar á breytingum jökulsporða hófust árið 1930, þegar Jón Eypórsson veðurfræðingur hóf kerfisbundið að mæla stöðu skriðjökla. Hann fékk einnig í lið með sér heimafólk, oftast bændur, til þess að annast mælingarnar en í seinni tíð sinnir fólk úr ýmsum starfsstéttum þessu verkefni. Á hverju hausti er fjarlægð frá viðmiðunarstað að jökulrönd mæld í ákveðinni stefnu. Sumir jöklanna hafa verið vaktaðir í 90 ár og því eru hér til gagnmerkar tímaraðir sporðabreytinga. Mælingarnar sýna skýr tengsl veðurfars- og jöklabreytinga en gagnasafnið geymir einnig upplýsingar um framhlaup margra jökla.

Alls hafa verið stundaðar sporðamælingar hér á landi á um 120 mælistöðum. Þeir hafa verið virkir í mislangan tíma, í einhverjum tilfellum hafa ákveðnir mælistaðir tekið við af öðrum, sem t.d. hefur þurft að færa til vegna breytinga í landslagi framan jökulsins eða vegna breytingar í straumstefnu skriðjökulstungunnar. Nú eru virkar mæliraðir á um 50 stöðum en við suma jökulsporða eru fleiri en ein mæli lína, eins og t.d. við Skeiðarárjökul og Breiðamerkurjökul. Sporðamælingarnar eru mikilvægt framlag til vöktunar á umhverfisbreytingum sem nú eiga sér stað víða um heim vegna hlýnandi loftslags. Hop jökulsporða er ein af mest áberandi og auðskildustu afleiðinga loftslagsbreytinga. Rýrnun íslenskra jökla og sporðamælingarnar hafa vakið talsverða athygli fjölmiðla og annarra, innanlands sem utan. Í þeirri umræðu er mikilvægt að hafa tiltækar tölur sem slá máli á þær breytingar sem eiga sér stað. Slíkar upplýsingar gæða umfjöllun um loftslagsmál meiri dýpt. Þrátt fyrir að fjarkönnunargögn hafi á síðari árum orðið æ mikilvægari í vöktun jöklabreytinga eru vettvangsathuganir nauðsynlegar. Reglubundin ljósmyndun, könnun og skrásetning á breytingum felur í sér mikilvæga upplýsingaöflun um jöklana. Þátttaka áhugafólks í mælingunum er einnig mikilvæg og gott dæmi um hvernig almenningur getur lagt til upplýsingar í þágu vísinda og vöktunar á náttúru landsins. Sporðamælingarnar eru borgaravísindi sem auka þekkingu lærðra og leikra á náttúrunni, sama úr hvaða geira þjóðfélagsins fólk kemur. Það að mælingunum sé sinnt af áhugamönnum eykur einnig vægi þeirra gagnvart almenningi. Framtíð sporðamælinga Jöklarannsóknafélagsins ætti því að vera björt, svo lengi sem íslenskir jöklar endast í hlýnandi loftslagi. Félagið vill koma á framfæri þökkum til allra sem sinnt hafa mælingum frá upphafi.